

ABC barnahjálp á Íslandi
Ársreikningur
2010

ABC barnahjálp á Íslandi
Siðumúla 29
108 Reykjavík
Kt. 690688-1589

Efnisyfirlit

| | |
|----------------------------------|----|
| Skýrsla og áritun stjórnar | 3 |
| Áritun endurskoðanda | 5 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 9 |
| Sundurliðanir | 10 |

Skýrsla og áritun stjórnar

Starfsemi ABC barnahjálpar á Íslandi var með svipuðu sniði og árið á undan. Áfram var erfitt efnahagsástand á Íslandi og óhagstætt gengi krónunnar. Aðhaldsaðgerða var áfram þörf hjá öllum samstarfsaðilum þar sem ekki var hægt að senda nema ríflega helming þess framlags í dollurum talið sem sent hafði verið fyrir efnahagshrunið. Unnt var að halda öllum skólum ABC opnum þrátt fyrir ástandið, en mat þurfti víða að skera niður úr dagskólum ABC á meðan heimavistirnar söfnuðu margar hverjar matarskuldum. Stuðningsaðilar voru 6855 í árslok. Margir þurftu að hætta stuðningi á árinu en aðrir bættust í hópinn og fækkaði samtals um 4 á árinu. Börn undir verndarvæng ABC voru 11.284 talsins í árslok og fækkaði um 470 á árinu. Af þeim bjuggu 3017 börn á heimavistum og barnaheimilum ABC.

Á Indlandi var lokið við byggingu barnaskóla með 10 kennslustofum við Heimili litlu ljósanna. Skólinn var gefinn var sem minningargjöf um systkinin Jónu og Niels Hansen. Einnig var byrjað á byggingu barnaskóla með 4 skólastofum við El Shaddai barnaheimilið fyrir söfnunarfé úr Börn hjálpa börnum 2010. Þrátt fyrir hagræðingu á heimilunum eftir efnahagshrunið á Íslandi héldu áfram að vera rekstrarerfiðleikar og safnast upp hrísgrjónaskuldir auk þess sem götubarnaathvarfið í Chennai átti í vök að verjast.

Í Úganda voru áfram erfiðleikar við að halda úti skólamáltíðum en skólagarðyrkjuverkefnið hjálpaði til við að brauðfæða nemendurna, bæði í Rackoko og í Kitetika. Matreiðslubókin Allir geta eldað kostaði verkefnið. Í Rackoko var byggður brunnur við forskóla sem reistur var árið áður. Nemendur Verzlunarskóla Íslands söfnuðu bæði fyrir brunnum og forskólanum Litla-Verzló. Tvær skólarútur voru keyptar á árinu til að auka öryggi barnanna og gera nemendum sem búa lengra frá kleyft að koma í skólann.

Í Pakistan voru áfram reknir 13 ABC skólar fyrir 2912 börn, þar af einn heimavistarskóli fyrir 609 nemendur. Öryggisveggurinn umhverfis heimavistarskólasvæðið hrundi í miklum fellibyl um mitt sumar og flóð ollu nokkrum skemmdum á sumum skólunum. Veggurinn var endurreistur og styrktur til muna og hægt var að lagfæra skemmdirnar að mestu. Átak var gert í því að útvega húsgögn í skólastofur og tókst með hjálp íslenskra grunn- og framhaldsskólanemenda að útvega fé til kaupa á borðum og stólum fyrir nokkra af skólunum. Í júní var nýtt skólahús í Gujranwala tekið í notkun en það var byggt fyrir söfnunarfé skólanema úr Fjölbautarskólunum í Ármúla. Ýmsar endurbætur voru gerðar á lóð og byggingum Machike heimavistarskólans, meðal annars á aðstöðu barnanna og sett voru niður ávaxtatré.

Í Kenýa var áfram unnið við götubarna- og skólastarf fyrir um 600 börn. Eftir mjög erfið rekstrarár batnaði staða starfsins í Kenýa til muna. Hagrætt var í rekstri, fjármagn safnaðist í lok árs 2009 og fleiri mánaðarlegir stuðningsaðilar gáfust. Auk þess fóru tveir nemendahópar ABC skólans í vettvangsferð til Kenýa. Báðir hóparnir komu færandi hendi en auk fjármuna fluttu þeir með sér um 500 kg af barnafatnaði og öðrum nauðsynjum fyrir heimilið. Mörg af þeim börnum sem vísa þurfti frá árið áður og voru aftur komin aftur á götuna voru tekin aftur inn á heimilið. Nokkur stærri framlög bárust fyrir starfið í Kenýa og er grundvöllur kominn til að festa kaup á landi eða lóð undir götubarna- og skólastarf ABC í Kenýa.

Í Líberíu voru frekari byggingarframkvæmdir settar í bið á meðan leyst er úr innri málum varðandi stjórn starfsins. Sett var upp lítið barnahúsið í Monrovíu fyrir 33 munaðarlaus börn og unnið að lausn mála.

Í Senegal var haldið áfram með forskóla og fótboltaskóla ABC. Dagathvarfið fyrir götudrengi var flutt í nýtt og betra húsnæði í borginni og samstarfsaðili ABC í Senegal hóf byggingu framtíðarheimilis fyrir götudrengina utan við borgina. Til stendur að koma upp heimili og skóla í Guinea Bissau í tengslum við starfið í Senegal til að geta sent götudrengi frá Guinea Bissau aftur heim en það bíður enn fjármagns.

Á Filippseyjum byggðist starfið hægt og rólega upp í öllum sjö ABC skólunum eftir mikinn niðurskurð. Ný verkefni bættust við og starfið einkenndist af bjartsýni og framgangi. Samstarfið við Norrænu barnahjálpinu hélt áfram á svipuðum nótum.

Í Burkina Faso fjölgaði börnunum enn þegar nýr árgangur kom í skólann í september. Yfirvöld gáfu ABC land undir skóla og var nýtt skólahús með sex kennslustofum byggt á árinu. Matjurtaræktun hófst á landskika utan við þorpið til að hafa matjurtir fyrir nemendur skólans og sá foreldrafélagið um ræktunina.

Skýrsla og áritun stjórnar frh.:

Á árinu 2010 voru fimm til sjö launaðir starfsmenn í starfi hjá ABC í samtals 3.25 til 4.85 stöðugildum. Starfsmenn ABC barnahjálpar á Íslandi voru á launaskrá hjá Vínafélagi ABC barnahjálpar og koma því ekki fram í ársreikningi ABC barnahjálpar á Íslandi. Annar rekstrarkostnaður ABC barnahjálpar á Íslandi var einnig greiddur af Vínafélaginu að undanskildum þjónustugjöldum banka og kortafyrirtækja sem eru tekin sjálfvirk af framlögum.

U.þ.b. 3770 sjálfboðaliðar unnu við margvíslega skrifstofuvinnu, hönnun, myndbandagerð, pökkun og sölu, dreifingu bæklinga, tónleikahald, auglýsingagerð, safnanir, kennslu og umsjón ABC skólans, nytjamarkað, bókhald, endurskoðun, hjálparstarf erlendis o.fl. U.þ.b. 18.000 - 19.000 vinnustundir voru gefnar á árinu. Aðrar óbeinar gjafir á árinu sem ekki koma fram í ársreikningi voru t.d. pappír, prentun, framköllun mynda, kaffi, brauð, afnot af bíl, tryggingar, bensín og rekstrarvörur auk margs konar afsláttar af efni og þjónustu.

ABC skólinn útskrifaði tvo fyrstu nemendahópana á árinu, samtals 51 nemanda sem kallast ABC liðar. Skólinn var stytur eftir fyrsta námskeiðið úr 15 vikum í 10 og farnar voru tvær vettvangsferðir á vegum skólans til Kenýa á árinu með samtals 30 nemendur.

Fjármunir sem sendir voru til hjálparstarfa erlendis frá ABC barnahjálpar á Íslandi drógust saman um 1,7% frá árinu áður.

Úthlutun samkvæmt skipulagsskrá til hjálparstarfa erlendis frá ABC barnahjálpar á Íslandi í gegnum ABC International nam 293 milljónum króna.

Stjórn ABC barnahjálpar á Íslandi staðfestir hér með ársreikning ársins 2010 með áritun sinni.

Reykjavík, 28.6 2011.

Í stjórn ABC barnahjálpar á Íslandi:

Jannil Jónsson
Eola Emilsd
Helga S. Sigurðardóttir
Gustín Margrét Pálsdóttir

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar ABC barnahjálpar á Íslandi.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ABC barnahjálpar á Íslandi fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit og sundurliðanir.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 28 / 6 2011.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2010

| | 2010 | 2009 |
|---|---------------------|--------------------|
| Rekstrartekjur: | | |
| Gjafir og áheit | 289.917.932 | 288.594.513 |
| Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir | 15.978.941 | 13.826.982 |
| Opinberir styrkir | 500.000 | 10.000.000 |
| | <u>306.396.873</u> | <u>312.421.495</u> |
| Rekstrargjöld: | | |
| Hjálparstarf erlendis, sent gegnum ABC barnahjálpar International | 293.446.905 | 298.464.811 |
| Vínafélag ABC barnahjálpar | 13.748.820 | 8.572.732 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4.521.816 | 4.804.566 |
| | <u>311.717.541</u> | <u>311.842.109</u> |
| (Rekstrartap) -hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda | (5.320.668) | 579.386 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld): | | |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 371.213 | 430.829 |
| Fjármagnstekjuskattur | (66.812) | (50.029) |
| | <u>304.401</u> | <u>380.800</u> |
| (Tap) hagnaður ársins | <u>(5.016.267)</u> | <u>960.186</u> |

Efnahagsreikningur

Eignir

| | 2010 | 2009 |
|--|-------------------------|-------------------------|
| Fastafjármunir: | | |
| ABC barnahjálpar International, stofnframlag | 230.000 | 230.000 |
| Fastafjármunir samtals | <u>230.000</u> | <u>230.000</u> |
| Veltufjármunir: | | |
| Viðskiptakröfur | 977.993 | 540.517 |
| Óbundnar bankainnstæður | 1.055.798 | 6.509.541 |
| Veltufjármunir samtals | <u>2.033.791</u> | <u>7.050.058</u> |
| Eignir samtals | <u><u>2.263.791</u></u> | <u><u>7.280.058</u></u> |

31. desember 2010

Eigið fé

| | 2010 | 2009 |
|---------------------------|------------------|------------------|
| Eigið fé: | | |
| Óráðstafað eigið fé | 2.263.791 | 7.280.058 |
| Eigið fé samtals | <u>2.263.791</u> | <u>7.280.058</u> |

| | | |
|-------------------------|------------------|------------------|
| Eigið fé samtals | <u>2.263.791</u> | <u>7.280.058</u> |
|-------------------------|------------------|------------------|

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2010

| | 2010 | 2009 |
|--|------------------|------------------|
| Rekstrarhreyfingar: | | |
| (Tap) hagnaður ársins | (5.016.267) | 960.186 |
| Veltufé (til) frá rekstri | (5.016.267) | 960.186 |
| | | |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum: | | |
| Skammtímakröfur, hækkun | (437.476) | (358.337) |
| | (437.476) | (358.337) |
| Handbært fé (til) frá rekstri | (5.453.743) | 601.849 |
| | | |
| (Lækkun) hækkun á handbæru fé | (5.453.743) | 601.849 |
| | | |
| Handbært fé í ársbyrjun | 6.509.541 | 5.907.692 |
| | | |
| Handbært fé í árslok | <u>1.055.798</u> | <u>6.509.541</u> |

Sundurliðanir

| | 2010 | 2009 |
|---|--------------|-------------|
| Hjálparstarf erlendis, sent gegnum ABC barnahjálpar International | | |
| Sent til Comforter Ministries á Indlandi | 21.153.603 | 13.325.609 |
| Sent til ABC barnahjálpar á Filippseyjum | 10.071.680 | 9.343.422 |
| Sent til ABC barnahjálpar í Úganda | 53.018.064 | 56.443.172 |
| Sent til Reach / Heimili litlu ljósanna á Indlandi | 76.235.960 | 77.825.892 |
| Sent til Mission of Mercy | 814.336 | 1.070.629 |
| Sent til ABC barnahjálpar í Senegal | 1.736.864 | 606.658 |
| Sent til ABC barnahjálpar í Pakistan | 55.249.022 | 62.775.599 |
| Sent til ABC barnahjálpar í Kenýa | 37.436.406 | 27.950.966 |
| Sent til ABC barnahjálpar í Líberíu | 2.364.711 | 16.662.195 |
| Sent til Burkina Faso | 9.716.830 | 7.891.137 |
| Sent til Norrænu barnahjálparinnar | 12.539.577 | 13.514.890 |
| Sent til ABC barnahjálpar í USA v/ barnahjálpar á Filppseyjum og Pakistan | 5.525.352 | 0 |
| Framlag vegna launa og annars kostnaðar vegna hjálparstarfs erlendis | 7.584.500 | 11.054.822 |
| | 293.446.905 | 298.464.991 |
| Annar rekstrarkostnaður | | |
| Þóknun vegna greiðslukorta og þjónustugjöld | 4.500.616 | 4.804.566 |
| Ýmis gjöld | 21.200 | 0 |
| | 4.521.816 | 4.804.566 |
| Óráðstafað eigið fé: | | |
| Eigið fé 1.1.2010 | 7.280.058 | 6.319.872 |
| (Tap) hagnaður ársins | (5.016.267) | 960.186 |
| Eigið fé 31.12.2010 | 2.263.791 | 7.280.058 |